



Leikskólagjöld

01.2018

Regnboginn er einsetinn 3 deilda leikskóli f. börn á aldrinum 1–6 ára.
Daglegur opnunartími er á milli kl. 7:35-16:30 og er hámarks dvalartími hvers barns 8,5 klst.

Flokkur I

Giftir foreldrar og sambúðarfólk.

Grunngjald/námsgjald er kr. 2.025 fyrir tímann milli kl. 8:00 og 16:30

Flokkur II/ Afsláttarflokkur

Einstæðir foreldrar, öryrkjar og ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

Tímagjald er kr. 730 fyrir tímann milli kl. 8:00 og 16:30

Afsláttur til einstæðra foreldra og öryrkja er veittur af tímagjaldi grunntíma/námstíma en ekki öðru gjaldi.

- Í Regnboganum er stefnt er að því að leikskólatími (vinnutími) barnanna sé að hámarki 8,5 klst. á dag. Eitt gjald er greitt fyrir allt að 8,5 klst.
- Semja þarf um daglegan dvalartímann við skólustjóra þegar gengið er frá dvalarsamningi.
- Leikskólagjöld greiðast fyrirfram og eru greidd fyrir 6. dag yfirstandandi mánaðar í bankaþjónustu heimabanka.
- Opið er 11 mánuði á ári og greiða foreldrar skólagjöld 11 x á ári. Júlímánuður greiðist að fullu en ágúst mánuði er sleppt þó sumarleyfismánuður skarist milli júlí og ágúst ár hvert.
- Fæðisgjald kr. 12.000 er ekki innifalið í tímagjaldi og kostar jafnt f. alla. Fæðið tekur mið af hollustukröfum og manndismarkmiðum. Fæðið er framreitt úr hreinu hráefni.
- Regnbogagjald er kr. 9.000 er fyrir þjónustu umfram námsgjaldið við börn og fjölskyldur þeirra og felst fyrst og fremst í mönnum á deildum umfram reglugerð, fyrir leikskólatíma allt að 8,5 klst., að ekki er lokað á almennum skipulagsdögum skóla (en þeir unnir á laugardögum), kostnað við útgáfu og prentun á vinnubókum, danskennslu, tónlistakennslu, ljósmyndir, skólatösku, börn tekin inn niður í 1 árs og sérstakt sumarstarf elstu barnanna í Víkingasveitinni svo eitthvað sé nefnt.
- Systkinaafsláttur er veittur í samræmi við niðurgreiðslur lögheimilissveitarfélags.
- Námsmenn (báðir foreldrar) þurfa að skila vottorði fyrirfram f. hverja önn. Í vottorði þarf að koma fram einingafjöldi og að um fullt nám í dagskóla sé að ræða. Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.
- Afsláttur til einstæðra foreldra er veittur að fenginni umsókn um greiðslu samkv. afsláttarflokki (flokkur II). Forráðamaður sem fær afslátt einstæðs föður/móður skal endurnýja umsókn sína árlega. Umsókn berist fyrir 15. ágúst til leikskólustjóra eða leikskólasviðs Reykjavíkur. Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.
- Afsláttur til öryrkja miðast við 75 % örorku. Skila þarf afriti af örorkuskírteini og er afsláttur veittur frá þeim degi sem afrit berst. Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.
- Gjaldskrá getur breyst án fyrirvara.
- Uppsagnafrestur er einn mánuður og miðast við 15. eða síðasta dag mánaðar.

Leikskólustjóri